

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík
fjr@fjr.is
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 4. október 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.) mál nr. S-192/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. (nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.), mál nr. S-148/2024. Í áformaskjalinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum m.a. á sviði skatta, lífeyris og váttrygginga, auk annarra laga.

Samtökin vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við áformin:

- Með 4. gr. laga nr. 37/2020 var lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða breytt með ákvæði XXI. þar sem lífeyrissjóðum var gert heimilt að eiga allt að 35% í stað 20% af hlutdeildarskírteinum eða hlutum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eingöngu fjárfesta í litlum eða meðalstórum fyrirtækjum skv. 1. og 2. tölul. 3. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. SI studdu breytingarnar í umsögn árið 2020¹ þegar heimildinni var komið á, enda um afar jákvæða breytingu að ræða sem að mati samtakanna var og er til þess fallin að liðka fyrir stofnun nýrra fjárfestingasjóða á sviði nýsköpunar. Heimild þessi fellur úr gildi 1. janúar 2025 n.k. Fyrirhuguð framlenging á fyrrnefndri heimild mun ekki aðeins auka fjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum heldur einnig stuðla að fjölbreytni og nýsköpun í íslensku efnahagslífi. Með því að hvetja til slíkra fjárfestinga er einnig stuðlað að aukinni fjölbreytni í íslensku hagkerfi. Samtökin styðja framlenginguna því heilshugar.
- Þá kemur fram í áformum stjórnvalda að til standi að gera breytingar á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, í framhaldi af úttekt OECD á kerfi skattahvata vegna rannsókna og þróunar (R&B). SI fagna áherslum stjórnvalda þegar kemur að skattahvötum til R&B í nýbirtu fjárlagafrumvarpi og að engar breytingar séu boðaðar á hámarki eða hlutfalli skattfrádráttar. Samtökin sýna fyrirætlunum um aukið eftirlit með framkvæmdinni skilning og hafa kallað eftir nánu samráði um þær breytingar í ítreka það hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins



Erla Tinna Stefánsdóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI